**Vegna:** Máls nr. 0665/2026, Askalind 2 (Auglýsing tillögu)

**Athugasemd:**

Góðan Daginn.
Sigurðu Kristjánsson kt. 050251-4039 heiti ég og bý í Álalind 14 íbúð 103 ( 1. hæð í suðvestur horni)
Hækkun á húsi Askalind 2 um 3,20 m eykur skuggamyndun hjá okkur . Kemur það spánst fyrir sjónir
að okkar umsókn um svalalokanir sem eigendur vilja framkvæma út af vindstreng sem myndast
í suð austan og suð vestan átt fær neikvæða umsögn frá skipulagsnefnd .þessar svalalokanir fara ekkert út fyrir

byggingareit meðan heil hæð í Askalind 2 upp á hækkun upp á 3,20m og getur aukið á vind streing í suðvestan átt
hjá okkur fær jákvæða umsögn. Það væri gott ef ég fengi svar við neikvæðri umsögn við okkar beyðni við svalalokun.
Getur verið að það eigi við á öðrum vetfangi. en ég vildi nota takifærið og tala um það hér.

Virðingafyllst
Sigurður

**Höfundur:** Sigurður U Kristjánsson

**Sent inn þann:** 31.05.2026

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**Vegna:** Máls nr. 0665/2026, Askalind 2 (Auglýsing tillögu)

**Athugasemd:**

Sæl/Sælar

Ég var að lesa umsögn skipulags nefndar um hækkun um eina hæð
að Askalind 2. Ég átta mig ekki hvort hún er jákvæð eða neikvæð umsögnin.
Ef ég gæti fengið svar við því.
Virðingafyllst Sigurður

**Höfundur:** Sigurður U Kristjánsson

**Sent inn þann:** 01.06.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

**Vegna:** Máls nr. 0665/2026, Askalind 2 (Auglýsing tillögu)

**Athugasemd:**

Til skipulagsfulltrúa Kópavogs
Frá Leifi Eysteinssyni og Steinhildi Hildimundardóttur

Athugasemdir við tillögu um breytt skipulag fyrir lóðina nr. 2 við Askalind í Kópavogi sbr. dreifibréf dags. 28. maí 2026, mál 665/2026

Við, eigendur íbúðar 203 í Álalind 14 gerum eftirfarandi athugasemdir við tillögu um breytt skipulag fyrir lóðina nr. 2 við Askalind.

Íbúðin okkar er á 2. hæð í Álalind 14. Íbúðin snýr í suð-vestur, þannig að Askalind 2 blasir við okkur út um stofugluggann og af svölum íbúðarinnar. Breytt byggingarmagn á lóðinni nr. 2 við Askalind, hæð, gerð og útlit byggingarinnar, starfsemi, umferð og umgengni á norðurhluta lóðarinnar mun óhjákvæmilega hafa áhrif á lífsgæðin í íbúðinni okkar.

Við leggjumst gegn því að byggð verði hæð ofan á húsið Askalind 2 eða leyfð starfsemi í því eða á lóðinni nema eftirfarandi sé tryggt:

- Askalind 2 varpi hvorki skugga á Álalind 14 né á lóð hússins.
- Askalind 2 magni ekki vindstrengi eða vindsveipi við húsið Álalind 14, á lóð þess eða göngustíg að vestanverðu meðfram því.
- Við og aðrir íbúar í Álalind 14 verði ekki fyrir ónæði af umferð/starfsemi í Askalind 2 eða á norðanverðri lóð Askalindar 2.

Í greinargerð skipulagsdeildar umhverfissviðs Kópavogs, dags. 11. mars 2026 kemur fram að gert er ráð fyrir að húsið Askalind 2 verði 7,4 metrar að hæð frá götu, að sunnanverðu, og verði við það hærra en Askalind 2a sem er 5,5 metrar og Askalind 4 sem er 5,9 metrar. Í fyrirliggjandi gögnum kemur fram að gert er ráð fyrir verslun og skrifstofum á 2. hæð Askalindar 2 og skrifstofum á 3. hæð. Ekki er rökstutt að húsið þurfi nauðsynlega að vera 7,4 metra hátt til að koma þannig starfsemi fyrir í því. Við förum fram á að húsið verði að hámarki 5,9 metra hátt og að 3. hæð þess verði inndregin ef þarf svo húsið varpi ekki skugga á hús eða lóð Álalindar 14.

Í greinargerð skipulagsdeildar er ekki lagt mat á möguleg áhrif á vindstrengi og vindsveipi við Álalind 14 og næstu hús, ef byggð verður hæð ofan á Askalind 2. Fyrirliggjandi gögn benda til þess að húsið Askalind 2 verði 11,9 metra hátt að norðaverðu, þegar kjallari er meðtalinn. Það er þekkt að háar byggingar geta haft áhrif á vindafar og myndað vindsveipi í næsta nágrenni. Sjá t.d. *https://www.windcrane.com/blog/construction/wind-speed-patterns-city-buildings* og *https://orbitalstack.com/wind-effects-in-urban-design/*

Við förum bæði fram á að áhrif Askalindar 2 á vindhreyfingu verði mæld í vindgöngum eða í þar til gerðum líkönum og að ekki verði heimilað að byggja ofan á húsið ef það magnar vindstrengi við Álalind 14. Þannig háttar til að í norðanátt er jafnan sterkur vindstrengur meðfram bæði vestur- og austurhlið Álalindar 14 enda eru þar um 10 metra breið vindgöng milli húsa. Í austanstæðri átt skellur vindurinn á austurhlið Álalindar 14 og fer meðfram suðurhlið hússins í ca. 30-40 metra breiðri vindgjá milli húsa. Austanáttin er bæði algengari og hvassari við húsið en norðanáttin. Byggingarlag svala á Álalind 14 magnar vindstrengi þannig að húsgögn, gasgrill og annað sem tíðkast að fólk hafi á svölum færist til eða fýkur af þeim í hvassviðri.

**Höfundur:** Leifur Eysteinsson

**Sent inn þann:** 23.06.2026

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

**Vegna:** Máls nr. 0665/2026, Askalind 2 (Auglýsing tillögu)

**Athugasemd:**

Þetta er nokkuð skondið að Kópavopsbær auglýsir breytingu á skipulagi Askalindar 2. Myndir og teikingar sýna að hér er verið að tala um Askalind 2a. Það þarf því augljóst að auglýsa þarf þetta aftur. Þegar ég átti heima í Fjallalindinni kvartaði ég þeirri breytingu sem var gerð á skipulaginu sem var gerð um 2000. Þessi lóð var upphaflega hluti af lóð þáverandi áhaldahúsi Kópavogs. Hér hefur stjórnsýslan bruðist. Eiga fulltrúar Kópavogsbúa ekki að þekkja sitt sveitarfélag? Að minnsta kosti að kynna sér málið áður en það er samþykkt.
UMSÖGNIN ER AÐ HÉR ER AÐ AUGLÝSA SKIPULAGA Á ANNARRI LÓÐ EN ÁTT ER VIÐ.
ASKALIND 2 ER EKKI ASKALIND 2A.
Ekki orð um það meir.
Pétur

**Höfundur:** Pétur Valdimarsson

**Sent inn þann:** 02.07.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

**Vegna:** Máls nr. 0665/2026, Askalind 2 (Auglýsing tillögu)

**Athugasemd:**

**Innsending þessi er lögð fram með stuðningi 94 eigenda og annarra hagsmunaaðila fasteigna í nánasta nágrenni við Askalind 2.**

Meðfylgjandi eru athugasemdir og mótmæli eigenda fasteigna að Álalind 4, 6, 8 og 14, auk annarra hagsmunaaðila fasteigna í nánasta nágrenni við Askalind 2, vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Askalind 2, mál nr. 665/2026.

**Óskað er eftir að tillagan verði ekki samþykkt í núverandi mynd, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að áhrif hennar á nærliggjandi íbúðarbyggð séu ásættanleg.**

Nánar er gerð grein fyrir athugasemdum, mótmælum og rökstuðningi undirritaðra í meðfylgjandi bréfi, þar á meðal þeim atriðum sem undirrituð telja að þurfi að liggja fyrir áður en tillagan verður tekin til endanlegrar afgreiðslu.

Með bréfinu fylgir rafrænn undirskriftalisti, útfluttur af Ísland.is 9. júlí 2026, auk handskrifaðra undirskrifta á þremur blöðum. Rafræni undirskriftalistinn er áfram opinn til loka athugasemdafrests þann 12. júlí 2026 og er aðgengilegur hér:
*https://island.is/undirskriftalistar/77626574-ed73-439b-940a-48b01c68d598*

**Höfundur:** Elva Sara Ingvarsdóttir

**Sent inn þann:** 09.07.2026

**Viðhengi:**

7.1.ma´l nr. 665:2026_Athugasemdir og mo´tmæli við tillo¨gu að breyttu deiliskipulagi fyrir Askalind 2.pdf

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Til skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar

Kópavogur 1. Júlí 2026

**Varðar: Athugasemdir og mótmæli við tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Askalind 2, mál nr. 665/2026**

Við undirrituð, eigendur fasteigna að Álalind 4, 6, 8 og 14, og aðrir hagsmunaaðilar fasteigna sem liggja í nánasta nágrenni við Askalind 2, leggjum hér með fram athugasemdir og mótmæli við tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Askalind 2.

Tillagan felur meðal annars í sér að bæta einni hæð við núverandi byggingu, bæta við stigahúsi með lyftu og fjölga bílastæðum. Við teljum að tillagan eigi ekki að hljóta samþykki í núverandi mynd, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að áhrif hennar á nærliggjandi íbúðarbyggð séu ásættanleg.

**Birtuskilyrði og skuggavarp**

Með aukinni hæð og byggingarmagni mun skuggavarp frá byggingunni aukast. Það getur haft neikvæð áhrif á birtuskilyrði, notagildi útisvæða og búsetugæði í nærliggjandi íbúðum, á svölum, í görðum og á sameiginlegum útisvæðum.

Við teljum að framlagða skuggavarpsgreiningu skorti nauðsynlega heildarsýn á raunveruleg áhrif breytingarinnar. Í gögnum sem lögð hafa verið fram eru skuggamyndir sýndar fyrir afmarkaða daga og tíma dags, en ekki verður séð með nægilega skýrum hætti hver áhrifin verða yfir árið, einkum yfir vetrartímann þegar sól er lág og skuggavarp getur orðið mest.

Óskað er eftir endurskoðaðri og ítarlegri skuggavarps greiningu þar sem bornar eru saman núverandi aðstæður og fyrirhuguð bygging. Greiningin þarf að taka skýrt til áhrifa á nærliggjandi íbúðir, svalir, einkagarða og sameiginleg útisvæði, meðal annars við vetrarsólstöður, vor- og haustjafndægur og sumarsólstöður, á fleiri tímum dags.

**Vindafar og áhrif aukinnar byggingarhæðar**

Íbúar hafa nú þegar orðið varir við mikinn vindstreng á svæðinu, meðal annars á milli bygginganna við Álalind 8 og Álalind 14. Vindurinn hefur neikvæð áhrif á daglega notkun svæðisins og aðgengi að útisvæðum.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

Við höfum áhyggjur af því að aukin hæð og umfang byggingarinnar við Askalind 2 geti haft frekari áhrif á loftstreymi á svæðinu og leitt til aukins vindhraða, vind hvirfla eða vind endurkasts á svölum, við gönguleiðir, bílastæði og útisvæði.

Áður en ákvörðun verður tekin teljum við nauðsynlegt að unnið verði faglegt vindmat af óháðum aðila. Matið þarf að meta áhrif fyrirhugaðrar byggingar á vindafar á svæðinu og í nánasta umhverfi hennar, með sérstakri áherslu á svæðið við Álalind 8 og Álalind 14. Einkum þarf að meta áhrif aukinnar hæðar byggingarinnar á vindhraða, vindstefnur og myndun vind hvirfla.

**Innsýn og friðhelgi íbúa**

Aukin hæð byggingarinnar getur einnig haft áhrif á friðhelgi íbúa í nærliggjandi húsum. Hærri bygging getur aukið innsýn í íbúðir, svalir og einkagarða og þannig haft áhrif á einkalíf og búsetugæði íbúa.

Við teljum nauðsynlegt að fyrir liggi skýrt mat á mögulegri innsýn frá fyrirhugaðri byggingu, ásamt fullnægjandi gögnum sem sýna sjónlínur, fjarlægðir og áhrif breytingarinnar á nærliggjandi íbúðir og útisvæði.

**Umfang breytingarinnar og áhrif á nærliggjandi íbúðarbyggð**

Fyrirhuguð breyting felur í sér verulega aukningu á hæð og byggingarmagni á lóðinni. Þótt tillagan taki mið af viðmiðum um nýtingarhlutfall teljum við að það eitt og sér nægi ekki til að sýna fram á að breytingin sé ásættanleg gagnvart nærliggjandi íbúðarbyggð.

Við teljum að ekki hafi verið sýnt fram á að nægjanlegt jafnvægi sé á milli hagsmuna lóðarhafa og þeirra áhrifa sem breytingin getur haft á birtuskilyrði, vindafar, friðhelgi, ásýnd svæðisins og lífsgæði íbúa í nærliggjandi húsum.

**Krafa**

Með vísan til framangreinds krefjumst við þess að tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Askalind 2 verði ekki samþykkt í núverandi mynd.

Verði tillagan áfram til skoðunar teljum við að áður en endanleg ákvörðun verður tekin þurfi að liggja fyrir:

1. Endurskoðuð og ítarleg skuggavarps greining sem sýnir samanburð á núverandi byggingu og fyrirhugaðri byggingu yfir mismunandi árstíðir og tíma dags.



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

2. Faglegt vindmat sem metur áhrif aukinnar hæðar og byggingarmagns á vindhraða, vindstefnur, vind hvirfla og vind endurkast á svæðinu.
3. Mat á mögulegri innsýn í íbúðir, svalir, garða og sameiginleg útisvæði nærliggjandi húsa.
4. Heildstætt mat á áhrifum breytingarinnar á ásýnd svæðisins, búsetugæði og lífsgæði íbúa í nærliggjandi íbúðarbyggð.

**Jafnframt óskum við eftir að sjónarmið eigenda fasteigna í nærliggjandi húsum verði tekin sérstaklega til skoðunar og að okkur verði veitt skrifleg afstaða til þeirra athugasemda sem hér koma fram áður en endanleg ákvörðun verður tekin í málinu.**

Virðingarfyllst,

Með bréfinu fylgir rafrænn undirskriftarlisti, útfluttur 9. júlí 2026 af www.island.is, auk handskrifaðra undirskrifta.

Rafræni undirskriftalistinn er aðgengilegur á eftirfarandi slóð og kann að uppfærast með viðbótar undirskriftum frá því bréfi þessu er skilað inn í Skipulagsgátt og fram að lokum athugasemdafrests þann 12. júlí 2026:

https://island.is/undirskriftalistar/77626574-ed73-439b-940a-48b01c68d598

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

**Undirskriftir**

**Með undirritun sinni staðfesta neðangreindir eigendur fasteigna að þeir hafi kynnt sér og styðji framangreindar athugasemdir og mótmæli við tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Askalind 2.**

| Nafn | Kennitala | Heimilisfang | Undirskrift |
|---|---|---|---|
| [illegible] | 020359-3319 | [illegible] | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

**Undirskriftir**

Með undirritun sinni staðfesta neðangreindir eigendur fasteigna að þeir hafi kynnt sér og styðji framangreindar athugasemdir og mótmæli við tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Askalind 2.

| Nafn | Kennitala | Heimilisfang | Undirskrift |
|---|---|---|---|
| Guðrún Ósk Sigurðar | 220573-3709 | Álalind 6 | Guðrún Ósk |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

**Undirskriftir**

Með undirritun sinni staðfesta neðangreindir eigendur fasteigna að þeir hafi kynnt sér og styðji framangreindar athugasemdir og mótmæli við tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Askalind 2.

| Nafn | Kennitala | Heimilisfang | Undirskrift |
|---|---|---|---|
| Halldóra E. Ásgeirsdóttir | 2710585789 | Álalind 14 | |
| Grétar Másson | | Álalind 14 | |
| [illegible] | | Álalind 14 | |
| Jakobína H[illegible] | 140967-3359 | Álalind 14. | |
| Hulda Hrund Arnarsdóttir | 060697-2219 | | |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

Þjóðskrá

# Upplýsingar um undirskriftalista

**Þetta skjal var framkallað sjálfvirkt þann:**

09.07.2026 12:04

**Heiti undirskriftalista:**

Mótmæli við tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Askalind 2, mál nr. 665/2026

**Um undirskriftalista:**

Við undirrituð, eigendur fasteigna að Álalind 4, 6, 8 og 14, og aðrir hagsmunaaðilar fasteigna sem liggja í nánasta nágrenni við Askalind 2, mótmælum tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Askalind 2, mál nr. 665/2026.

Tillagan felur í sér hækkun og stækkun byggingarinnar. Við teljum að ekki hafi verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að áhrif hennar á nærliggjandi íbúðarbyggð séu ásættanleg.

Við óskum eftir að tillagan verði ekki samþykkt í núverandi mynd fyrr en fyrir liggi:

Endurskoðuð og ítarleg skuggavarpsgreining,
faglegt vindmat af óháðum aðila,
mat á mögulegri innsýn í nærliggjandi íbúðir og útisvæði,
og heildstætt mat á áhrifum breytingarinnar á ásýnd svæðisins, nærumhverfi og búsetugæði.

Nánari rökstuðningur og fullt bréf:
https://drive.google.com/file/d/1t2unSDe9CpDURN9PaF_STrL5FvAaXVLE/view

Með undirritun staðfesti ég að ég hafi kynnt mér og styðji framangreindar athugasemdir, þar með talið nánari rökstuðning í PDF-skjalinu sem vísað er til hér að ofan.

**Opinn til:**

12.7.2026

**Fjöldi undirskrifta:**

86

**Ábyrgðarmaður:**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Sigrún Anna Guðnadóttir

**Kennitala ábyrgðarmanns:**

130793-2829

| Dags. skráð | Nafn | Sveitarfélag |
|---|---|---|
| 1.7.2026 | Elva Sara Ingvarsdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Ásdís Eva Guðnadóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Anna Sigríður Sigurðardóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Ingvar Kristinsson | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Guðrún Ýr Birgisdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Harpa Tómasdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Sólveig Guðlaugsdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Þórða Berg Óskarsdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Ingibjörg Sigurðardóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Guðbjörg Jóna Jóhanns | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Aron Freyr Bjarkason | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Hrönn Eir Grétarsdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Helga Bára Bragadóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Eyrún Ósk Harðardóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Helga Þórey Björnsdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Unnur Helga Haraldsdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Sigurður Jón Gunnarsson | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Silja Arnarsdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Sigurður Gunnar Benediktsson | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Gerður Guðnadóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Aldís Erla Jónsdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Guðni Einarsson | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Skúli Jónsson | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Leifur Kristjánsson | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Brynja Hafsteinsdóttir | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Guðmundur Sveinn Halldórsson | Kópavogur |
| 1.7.2026 | Afrim Haxholli | Kópavogur |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

| Dags. skráð | Nafn | Sveitarfélag |
|---|---|---|
| 2.7.2026 | Magnea Ragna Ögmundsdóttir | Kópavogur |
| 2.7.2026 | Björn Eyberg Ásbjörnsson | Kópavogur |
| 2.7.2026 | Jón Ágúst Benediktsson | Kópavogur |
| 2.7.2026 | Svenný Sif Rúnarsdóttir | Kópavogur |
| 2.7.2026 | Sif Sindradóttir | Kópavogur |
| 2.7.2026 | Ásgeir Guðjón Stefánsson | Kópavogur |
| 2.7.2026 | Kristín Anna Alfreðsdóttir | Kópavogur |
| 2.7.2026 | Elín Ebba Björgvinsdóttir | Kópavogur |
| 2.7.2026 | Björn Þorvaldsson | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Guðmundur Ingi Jónsson | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Dagbjört Stefánsdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Sigurrós Jóns Bragadóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Guðrún Óla Jónsdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Thelma Lind Valtýsdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Hrefna Einarsdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Heiða Óskarsdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Karen Mist Matthíasdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Katrín Arna Kjartansdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Kristín Fanney Þorgrímsdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Steinunn Þorleifsdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Lilja Jónsdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Sigríður Jónsdóttir | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Jón Sigurðsson | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Óskar Bjartmarz | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Svava Schiöth | Kópavogur |
| 3.7.2026 | Helen Ómarsdóttir | Kópavogur |
| 4.7.2026 | Birna Metúsalemsdóttir | Garðabær |
| 5.7.2026 | Margrét Kristjánsdóttir | Svíþjóð |
| 5.7.2026 | Lovísa Snorradóttir Sandholt | Kópavogur |
| 5.7.2026 | Guðjón Hafsteinn Guðmundsson | Kópavogur |
| 6.7.2026 | Steingrímur Wernersson | Kópavogur |
| 6.7.2026 | Kristján Kristjánsson | Kópavogur |
| 6.7.2026 | Þórdís Ása Sigurðardóttir | Kópavogur |
| 6.7.2026 | Linda Björk Björnsdóttir | Kópavogur |

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

| Dags. skráð | Nafn | Sveitarfélag |
|---|---|---|
| 6.7.2026 | Telma Lind Sveinsdóttir | Kópavogur |
| 6.7.2026 | Rúnar Jónsson | Kópavogur |
| 6.7.2026 | Daníel Jóhannsson | Kópavogur |
| 6.7.2026 | Þórarinn Guðni Sveinsson | Kópavogur |
| 6.7.2026 | Hafdís Guðmundsdóttir | Kópavogur |
| 6.7.2026 | Guðmundur Gíslason | Kópavogur |
| 6.7.2026 | Guðrún Pálína Hinriksdóttir | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Ásdís Rósa Þórðardóttir | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Hildur Björg Jónsdóttir | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Hlynur Bjarnason | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Sigríður Sveinsdóttir | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Margrét Einarsdóttir | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Fanney Stefánsdóttir | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Gígja Jónsdóttir | Kópavogur |
| 7.7.2026 | María Gunnarsdóttir | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Friðbert Guðmundsson | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Ísak Aron Jóhannsson | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Hafdís Helgadóttir | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Ásdís Ósk Valsdóttir | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Þorvaldur Þórður Eyjólfsson | Kópavogur |
| 7.7.2026 | Garðar Ingi Gunnarsson | Kópavogur |
| 8.7.2026 | Þráinn Farestveit | Kópavogur |
| 8.7.2026 | Arnór Ingi Finnbjörnsson | Kópavogur |
| 8.7.2026 | Axel Tamzok | Kópavogur |
| 8.7.2026 | Lilja Sigurrós Davíðsdóttir | Kópavogur |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026